

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um heimilislækna á Íslandi  
og ráðningar heilsugæslulækna á landsbyggðinni.

Frá Ólafi Ísleifssyni.

1. Hvert er hlutfall heimilislækna af öllum læknum á Íslandi borið saman við aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD)?
2. Hver er fjöldi íbúa á hvern heimilislækni á Íslandi borið saman við Norðurlöndin?
3. Hver hefur þróunin verið í fjölda fastráðinna heimilislækna á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni frá árinu 2010? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
4. Hver er fjöldi stöðugilda heilsugæslulækna á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu? Hversu margir læknar í þeim stöðugildum eru sérfræðingar í heimilislækningum? Svar óskast sundurliðað eftir heilbrigðisstofnunum í báðum tilvikum.
5. Hversu margir heilsugæslulæknar á Íslandi eru fastráðnir og hversu margar stöður eru mannaðar með verktökulæknum, flokkað eftir heilbrigðisstofnunum?
6. Hvaða áhrif telur ráðherra það hafa haft á mönnun í fastar stöður heilsugæslulækna á landsbyggðinni að ráða verktakalækna til starfa?
7. Telur ráðherra að vikið hafi verið frá samningsbundnum launakjörum við ráðningar heilsugæslulækna á landsbyggðinni, og ef svo er, telur hann að slíkt sé æskilegt?
8. Tekur ráðherra undir það sjónarmið, sem fram hefur komið, að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni hafi ekki meiri og stundum minni kostnað af verktakalæknum en heilsugæslulæknum í föstu starfi?

**Skriflegt svar óskast.**